

Arfleifð Þorláks Kolbeinssonar



Þorlákur Kolbeinsson (23.12.1911 - 22.3.1997)



Sigríður Gísladóttir (18.12.1908 - 12.2.1961)

Árið 1945 tóku hjónin Sigríður Gísladóttir frá Torfastöðum í Grafningi og Þorlákur Kolbeinsson frá Úlfljótavatni við búi á jörðinni Eystri-Þurá í Ölfusi.

Þorlákur ólst upp á Úlfljótavatni en fór 1929 til Reykjavíkur þar sem hann tók sveinspróf í húsgagnasmíði. Árið 1938 tók hann við búi að Úlfljótavatni, þaðan sem hann flutti að Þurá, reyndar með um það bil árs viðvöl við smíðar á Ljósafossi. Sigríður og Þorlákur giftu sig 1941. Hún lést í Reykjavík í febrúar 1961 en hann bjó að Þurá til æviloka.

Þorlákur tók mikinn þátt í félagsmálum, var meðal annars formaður í veiðifélaginu um Varmá og Þorleifslæk og sat í stjórn áveitufélags Ölfusinga. Hann sinnti kirkju sinni og sótti fundi og ferðalög Félgas eldri borgara hin síðari æviár.

Skjal þetta samdi:
Jónatan Sveinsson hrl.
Kringlunni 6, Reykjavík.

ERFDASKRÁ.

Eg undirritaður, Þorlákur Kolbeinsson, kt. 231211-2179, til lögheimilis að Þurá, Ölfushreppi, Ármessýslu, en nú dveljandi á Landsspítalanum, deild 32 A, Reykjavík, sem á hvorki maka né niðja á lífi, geri með vísan til heimilda í 34. gr., sbr. 35. gr. erfðalaga nr. 8/1962, með síðari breytingum, eftirfarandi erfðaskrá.

1. gr.

Að mér látnum skulu allar eignir mínar, hverju nafni sem nefnast, ganga sem arfur til Félags eldri borgara, Hveragerði. Eignir mínar eru í dag jörðin Þurá, Ölfushreppi, með áhöfn og bústofni (20 ær og gemlingar og eitt hross) og nokkur peningaeign. Skuldir eru engar. Arfurinn er látinn af hendi án allra kvaða, sbr. þó 2. grein, en þess vænst, að arfurinn gagnist félaginu sem best.

2. gr.

Við andlát mitt verði, áður en til skipta kemur, gerðar upp skuldir mínar, ef einhverjar kunna að verða, svo og útfararkostnaður og kostnaður við legstein á leiði mitt. Framangreindur bréferfingi, Félag eldri borgara, Hveragerði, sjái um útför mína og hlutist til um að uppgjör á dánarbúinu fari fram með framangreindum hætti.

Erfðaskrá þessa undirrita og í tveimur eintökum í viðurvist tveggja sérstaklega tilkvaddra arfleifsluvotta og skal annað eintakið geymt með öðrum skjölum mínum en hitt skal Jónatan Sveinsson hrl., Kringlunni 6, Reykjavík, varðveita.

Reykjavík, 9. ágúst 1994.

Jónatan Sveinsson

Við undirritaðir, sem arfleifandi hefur kvatt til að votta arfleifslu sína, staðfestum hér með að arfleifandi undirritaði erfðaskrá þessa að okkur báðum viðstöddum efir að hann hafði kynnt sér rækilega efni erfðaskrárinnar með lestri hennar auk þess sem hún var lesin upp fyrir honum af ofangreindum lögmanni. Þrátt fyrir veikindi sín er arfleifandi fullfar um að undirrita erfðaskrána og að okkar mati svo heill heilsu andlega að hann skilja þýðingu gerðarinnar og gildi hennar að lögum.

Reykjavík, 9. ágúst 1994.

Ólafur S. S. 130725-3409 Laugavegur 36 R

Frann A. Björnsson 051170-4749 Laugavegur 36 R



Bréf Jónatans Sveinssonar lögmanns þar sem greint var frá erfðaskrá Þorláks var lagt fram á stjórnarfundi 24. apríl 1997. Ekki kemur fram hvort félaginu var kunnugt um þetta fyrirfram, en svo virðist ekki hafa verið. Fasteignamat jarðar og húsa var tæpar 4 milljónir króna árið 1997. Kvikfé var 10 ær, 1 hrútur, 1 gemlingur, sauður (gamall), 1 hryssa. Auk þess búvélur, bifreið og annað sem safnast hafði upp á ríflega 40 ára búsetu. Af dagbók sem Oddgeir Ottesen ritaði og birt var í blaðinu Ingólfi í apríl 1998 má ráða að mikil vinna fór í að taka við eignunum og koma þeim í verð. En fyrir þessa gjöf og drjúgan stuðning Hveragerðisbæjar var Þorlákssetur keypt og innréttað. Hefur það æ síðan verið undirstaða hins blómlega félagslífs aldraðra hér í bæ.

Svo vill til að hluti jarðarinnar Þurár hefur áður verið gefinn í arf til velferðar aldraðra. Í bókinni Grund 75 ára stendur á bls. 33: Á árinu 1923 arfleiddi barnakennari austan úr Ölfusi, Brynjólfur Eyjólfsson á Þurá, Elliheimilið Grund að öllum eigum sínum. - - Hlaut Elliheimilið eftir hans dag 9 þúsund krónur og hálfja jörðina Ytri-Þurá í Ölfusi.“ Brynjólfur dó reyndar á Þurá sem próventukarl átræður að aldri, en ekki á Grund eins og til var stofnað.